

# Sumarborgin 2020

## Styrkir íbúaráða til eflingar hverfisanda, mannlífs og menningar

### Íslenska - English - Polski

Auglýst er eftir verkefnum og viðburðum sem ætlað er að stuðli að auknu mannlífi, menningu, félagsauði og lífsgæðum í hverfunum í sumar. Mikilvægt er að verkefnin höfði til allra aldurshópa og skírskoti til breiðs hóps fólks sem vill sækja sér afþreyingu og upplifun í eigin hverfi.

Sjóðurinn nemur alls kr. 30.000.000 Miðað er við að íbúaráð sem eru níu talsins, fái milljón hvert en afgangurinn deilist til íbúaráða eftir íbúafjölda hverfanna. Styrkirnir skiptast á eftirfarandi hátt á milli íbúaráða borgarinnar:

Íbúaráð Árbæjar og Norðingaholts.	kr. 2.830.000
Íbúaráð Breiðholts	kr. 4.610.000
Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals	kr. 2.220.000
Íbúaráð Grafarvogs	kr. 4.000.000
Íbúaráðs Kjalarness	kr. 1.230.000
Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis	kr. 3.460.000
Íbúaráð Laugardals	kr. 3.770.000
Íbúaráð Miðborgar og Hlíða	kr. 4.100.000
Íbúaráð Vesturbæjar	kr. 3.780.000

**Umsóknarfrestur er frá 15. maí – 7. júní 2020. Að öllu jöfnu er miðað við að styrkupp hæðir fyrir hvert verkefni, séu á bilinu kr. 50.000 til 500.000.**

#### Hverjir geta sótt um og hvað er styrkt?

Allir hafa aðgang að sjóðnum en umsækjendur þurfa að vera einstaklingar, félagasamtök eða aðrir hópar sem vinna saman að einstöku verkefni. Íbúar hverfanna eru sérstaklega hvattir til að sækja um til fjölbreyttra verkefna.

Styrkir geta til dæmis fallið til:

- Viðburða í hverfum borgarinnar sem höfða til allra aldurshópa
- Markaða sem efla líf í hverfinu
- Tónleika, listviðburða eða annað sem eflir hverfisvitund
- Pop - up leikvalla og þrautabrauta í hverfunum
- Hreinsun eða gróðursetningar á svæðum innan hverfisins

- Önnur verkefni sem eru til þess fallin að auka félagsauð og styrkja hverfisvitund

Styrknum er ekki ætlað að koma í stað launa heldur vegna efniskostnaðar, kaupa á listviðburðum, kostnaði við leiðbeinendur, auglýsingakostnað eða veitingar.

Vakin er athygli á því að viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

### **Hvernig er sótt um?**

Vinsamlegast fyllið út rafræna umsókn hér fyrir neðan.

Í umsókninni skal koma fram:

- nafn umsækjanda, kennitala og netfang
- upphæð sem sótt er um
- lýsing á verkefni og markmið
- tímarammi verkefnis
- kostnaðaráætlun verkefnis
- samstarfsaðilar – ef við á

Gert er ráð fyrir að þeir sem hljóta styrk skili greinagerð í lok verkefnis sem verður lögð fyrir íbúaráð.

### **Móttaka og mat á umsóknum**

Allir umsækjendur fá staðfestingarpóst þess efnis að umsókn þeirra hafi verið móttækin.

Allar umsóknir verða metnar af faghópi sem í sitja verkefnastjóri Sumarborgarinnar 2020, verkefnastjóri Barnamenningarhátíðar, fulltrúar annara sviða borgarinnar eftir efni umsókna og starfsmaður íbúaráða.

Umsóknir verða metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- tíma- og kostnaðaráætlanir séu raunhæfar
- væntanlegum árangri og ávinningi á að efla hverfisvitund og félagsauð

Faghópurinn skilar í framhaldi tillögu til viðkomandi íbúaráðs sem tekur ákvörðun um úthlutanir styrkjanna í júnímánuði. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir: Heimir Snær

Guðmundsson [heimir.snaer.gudmundsson@reykjavik.is](mailto:heimir.snaer.gudmundsson@reykjavik.is) á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.